

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Nefndasvið Alþingis
Hildur Edwald,
skjalaritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. október 2019
2019100027/42-0
TB
jgo/tb

**Frumvarp um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001
(frysting olíuleitar), 117. mál**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 15. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001 (frysting olíuleitar), 117. mál. Í frumvarpinu er lagt til að umsóknir um leyfi til leitar að kolefni og leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis verði ekki teknar til afgreiðslu nema uppsöfnun koldíoxíðs hafi mælst undir 350 ppm að meðaltali hvern undangenginna tólf mánaða. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að það gildi um umsóknir sem fram eru komnar við gildistöku laganna.

Í greinargerð með frumvarpingu kemur vel fram hvaða ástæða liggur að baki því að velja 350 ppm sem viðmið vegna uppsöfnunar á koldíoxiði í andrúmsloftinu í tengslum við leyfisveitingar. Náttúrufræðistofnun telur að leita skuli allra leiða, sem talist geta náttúru- og umhverfisvænar, til að minnka losun á koldíoxíði þ.á.m. að hætta notkun á jarðefnaeldsneyti. Þar sem Ísland hefur ekki verið á meðal ólívinnsluríkja væri það tímaskekkja að mati Náttúrufræðistofnunar að hefja ólívinnslu á tímum þegar reynt er af fremsta megni að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

